

**Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar
og Breiðdals**

Skólanámskrá

2020-2021

1. Stefna og markmið skólans:

Sýn Tónlistarskóla Fáskrúðs- og Stöðvarfjarðar er sú að tónlist eigi erindi við alla og að allir geti stundað tónlistarnám á eigin forsendum í umhverfi sem er hvetjandi og lifandi.

Aðalmarkmið skólans er að tónlist sé sjálfsagður hluti mannlífsins og sýnileg í samfélaginu.

2. Kennsla og námsmat:

Markmið TFS eru miðuð við Aðalnámskrá Tónlistarskóla. Þó teljum við að þau markmið henti ekki öllum og gerum aðrar kröfur til þeirra.

Námsmat fer fram allan veturinn og skráir hver kennari það fyrir sig. Ekki hafa verið tekin almenn próf í hljóðfæraleik en nemendur taka áfangapróf samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla og eftir kröfum Prófaneftndar tónlistarskóla þegar þeir eru tilbúnir til þess og óska eftir því. Nemendur eru hvattir til að taka þessi próf þegar kennari telur efni standa til þess.

3. Kennslugreinar:

- Píanó
- Hljómborð
- Klassískur gítar
- Hljómgítar
- Rafgítar
- Raðbassi
- Blokkflauta
- Þverflauta
- Ukulele
- Fiðla
- Selló
- Saxófónn
- Trompet
- Básúna
- Slagverk
- Einsöngur
- Kórsöngur
- Tónfræðagreinar

4. Starfsfólk:

Starfsfólk TFS þarf að vera fjölhæft og sveigjanlegt í starfi. Vegna smæðar skólans og til að geta boðið upp á sem fjölbreyttast nám þurfa kennarar líka að vera tilbúnir til að prófa nýja hluti og kenna á hljóðfæri sem þeir hafa jafnvel litla reynslu af. Þetta hefur einmitt verið raunin og gerir það að verkum að fjölbreytt nám stendur nemendum til boða. Framboð á námi fer því að mestu leyti eftir því sem kennarar treysta sér til að kenna.

Skólaárið 2020 – 2021 eru fimm kennarar við skólann.

Valdimar Másson er skólastjóri og kennir á hljómborðs- og blásturshljóðfæri, auk einsöngs og tónfræðagreina.

Hafþór Máni Valsson kennir á gítar, bassa, ukulele og trommur.

Birgir Baldursson kennir á trommur og slagverk.

Berglind Agnarsdóttir kennir á blokkflautu, gítar og ukulele og sér að mestu um forskólann.

Navina Madge Dueck-Stefánsson kennir á píanó og söng.

5. Nemendur:

Á haustönn eru nemendur í skólanum um 86 talsins. Skipting þeirra milli hljóðfæra er býsna ójöfn en langflestir nemendur læra á gítar, trommur, píanó og söng. Alls er kennt á 10 mismunandi hljóðfæri við skólann.

6. Foreldrar:

Samstarf við foreldra er gott en það mætti að sönnu auka. Foreldrar taka ekki að jafnaði mikinn þátt í starfi skólans, en við skólann starfar foreldrafélag sem hefur skilað auknum áhuga og virkni foreldra og hjálpar til við til þegar á þarf að halda, t.d. í nemendaferðum o.þ.h.

7. Stjórnun:

Skólastjóri sinnir öllum daglegum rekstri og skipulagningu, fjárhagsáætlunargerð, samskiptum við fræðslufirvöld og samskiptum við aðra skólastjóra í Fjarðabyggð.

8. Samstarf

Samskipti innan skólans eru mjög góð og opin. Tónlistarskólinn starfar í miklum tengslum við starfsfólk grunnskóla og leikskóla og hafa öll samskipti þeirra á milli gengið mjög vel.

Tónlistarskólinn hefur víðtækt samstarf við grunnskólana varðandi t.d. viðbragðsáætlanir við einelti, áföllum, kynjamisrétti og þess háttar.

Nemendur TFS taka þátt í samstarfi við bæði grunnskóla og leikskóla. Nemendur fara í heimsóknir á dvalarheimilið Uppsali og leika og syngja fyrir vistmenn. Nemendur TFS taka þátt í viðburðum í sveitarfélaginu s.s. tendrun jólatrjáa, á Frönskum dögum, Ljósakvöldi í Steinasafni Petru o.fl. Einnig hafa nemendur TFS leikið og sungið á Lego-keppni í Reykjavík og tekið þátt í leiksýningum s.s. Þjóðleik og sýningum og hátíðum á vegum grunnskólanna.

9. Tónleikar og tónfundir:

Reglulega fara fram tónleikar og tónfundir á vegum skólans. Stærstu tónleikarnir hvert ár eru jólatónleikar og vortónleikar. Kennarar halda síðan tónfundi þar sem fram koma nokkrir nemendur í einu.

Á þessu skólaári er stefnt að því að taka þátt í [Nótunni](#) – uppskeruhátíð tónlistarskólanna líkt og undanfarin ár. Að þessu sinni fagnar Nótan 10 ára afmæli og þess vegna verða hátíðartónleikar í Hörpu þar sem öllum tónlistarskólum landsins er boðin þátttaka.

Stefnt er á þátttöku á landsmóti SÍSL sem verður haldið í Reykjanesbæ í apríl.

11. Búnaður og húsnæði:

Í Tónlistarskólanum er aðbúnaður að flestu leyti til fyrirmyndar. Þó má alltaf bæta hljóðfærakost og þyrfti að huga að kaupum á málmblasturshljóðfærum til að auka möguleika blásaradeildar til að fjölga nemendum.

Á Fáskrúðsfirði eru kjöraðstæður fyrir tónlistarskólann. Þar eru þrjár hljóðfærakennslustofur. Einnig er þar upptökuherbergi og skrifstofa skólastjóra. Skólinn hefur aðgang að sal Skólamiðstöðvarinnar og einnig öðru kennslurými í grunnskólanum.

Á Stöðvarfirði eru aðstæður til kennslu þokkalegar. Þar eru tvær hljóðfærakennslustofur. Önnur þeirra er lítil og er sameiginleg með námsráðgjafa. Stofan er mjög illa hljóðeinangruð. Hin stofan hefur orðið fyrir rakaskemmdum og er þar fúkkalykt. Það hefur lagast eftir að skólinn var klæddur að utan. Inn af þeirri stofu er lítil skrifstofa sem deildarstjóri notar. Einnig hefur tónlistarskólinn aðgang að sal Grunnskólans á Stöðvarfirði til tónleikahalds o.þ.h.

Það rými sem Tónlistarskólinn hefur til afnota á Stöðvarfirði hefur verið skert til muna síðustu ár. Þar er komið að þolmörkum og reyndar gott betur.

Á Breiðdalsvík er ein tónlistarstofa sem er ágætlega búin en er í sama rými og Æskulýðsmiðstöðin en þó stúkuð af. Einnig nýtist ein skólastofa grunnskólans til píanókennslu og einnig salur skólans til tónleikahalds.

12. Jafnréttisáætlun Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Breiðdals. Gildir frá hausti 2019 fram á haust 2022.

Starfsmenn:

Áætlunin byggir á lögum nr. 10/2008. Samkvæmt þeim skal koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir alla. Þess skal gætt:

- að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttis laga.
- að konur og karlar njóti sömu launakjara og hafi jafna möguleika á launuðum aukastörfum innan skólans.
- að öllu starfsfólki séu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni og stöðu innan skólans og við úthlutun verkefna sé þess gætt að fólki sé ekki mismunað á grundvelli kyns.
- að skólinn geri starfsfólki sínu kleift að samræma störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða öðru fyrirkomulagi eftir því sem við verður komið.
- að starfsfólk verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.

Til að gæta þess að ofangreind markmið séu í heiðri höfð skulu árleg starfsmannaviðtöl notuð til að kanna líðan og skoðanir starfsmanna m.t.t. jafnréttis. Einnig að umræða um jafnréttismál sem snýr að starfsmönnum og nemendum komi inn á starfsmannafundi með reglulegum hætti, ekki sjaldnar en árlega.

Nemendur:

Í jafnréttisstefnu Fjarðabyggðar í málefnum skóla- og frístundastarfs er kveðið á um að skólastjórnendur sjái til þess að:

- unnið sé að því að jafna stöðu kynjanna og börnum og unglíngum sé veitt hvatning til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna
- skólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs
- sjálfstyrking verði sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum
- náms- og starfsfræðslu verði sinnt á síðari stigum grunnskóla þar sem nemendur, óháð kyni, hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf
- námsefni mismuni ekki kynjum
- jafnréttisfræðslu sé sinnt
- nemendur verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum

Í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar eru ofangreind markmið höfð í heiðri ásamt þeim lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Aðgerðir til að uppfylla þessa áætlun eru meðal annars þessar:

- Gengið skal úr skugga um að öll kennslurými séu ólæst og með óbyrgðum gluggum.
- Skrifstofur og önnur rými þar sem starfsmenn og nemendur eru skulu vera ólæst.
- Hvetja skal nemendur af báðum kynjum til samstarfs og samspils og gæta þess að allir nemendur hafa jöfn tækifæri til þess.
- Kennarar skulu fara yfir námsefni með það fyrir augum að útiloka það sem getur talist óæskilegt út frá kynjajafnrétti.
- Að hvetja nemendur af báðum kynjum til að tileinka sér þekkingu á þeirri tækni sem notuð er í skólanum, s.s. upptökutækjum og tölvubúnaði.

13. Skólareglur

- Nemendum ber að mæta stundvíslega í kennslustundir sínar, hóptíma, hljóðfæratíma sem og tónfræðatíma. Fjarvistir og ástæður fyrir þeim skulu tilkynntar á skólatíma. Skólinn gefur **ekki** leyfi úr kennslustundum ef ástæður sem gefnar eru upp þykja veigalitlar. Ef óskað er leyfis úr kennslustundum skal **forráðamaður** biðja um það með góðum fyrirvara og eru þá ástæður metnar af kennara hverju sinni. Nemendum er skylt að mæta á æfingar fyrir tónleika, nema gildar ástæður liggi fyrir, og getur misbrestur á því leitt til þess að nemandi fái ekki að koma fram á þeim tónleikum.
- **Mætingarskylda er 80% að lágmarki.** Ef tímasókn nemenda fer niður fyrir það mark má eiga von á brottvísun úr skóla, þó ekki fyrr en eftir fund með foreldrum eða forráðamönnum viðkomandi nemanda.
- Góð skólasókn er mjög mikilvæg vegna þess að nemandi sem mætir illa missir samhengið í náminu, á erfiðara með að fylgjast með og gæti að síðustu gefist upp í náminu. Einnig kemur stopul tímasókn í veg fyrir eðlilegar framfarir í hljóðfæraleik og um leið dvínar áhuginn.
- Ef kennari veikist og tími fellur niður er alltaf reynt að ná sambandi við nemendur eða forráðamenn til að koma í veg fyrir óþarfa ferð nemandans. Í flestum tilvikum tekst þetta en þó getur orðið misbrestur á því að það náist í nemanda eða foreldra í síma.

- Ef kennari er veikur um lengri tíma mætir skólinn því eftir aðstæðum hverju sinni. Skólanum er ekki skylt að bæta upp tímatap vegna veikinda nemenda.
- Ætli nemandi að koma fram utan skólans (t.d. á skólaskemmtunum) ætti hann að láta kennara sinn vita með góðum fyrirvara. Þessi regla skal í heiðri höfð, ekki vegna þess að tónlistarskólinn vilji koma í veg fyrir að nemandi komi fram opinberlega heldur eingöngu til þess að kennarinn geti fylgst með ferli nemanda síns og tryggt að það sem nemandi flytur sé vel æft og frambærilegt hvort sem er í skólanum eða utan.
- Komi upp hegðunarvandkvæði með einstaka nemendur, áskilur skólinn sér rétt til að taka á slíkum málum í samvinnu við foreldra.

14. Foreldrafélag Tónlistarskólans

Lög félagsins:

1. gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Fjarðabyggð

3. gr

Tilgangur félagsins er að:

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð skilyrði til náms.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi tónlistarnámið
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að....

- Stuðla að auknum kynnum barna, foreldra og starfsmanna skólans.
- Starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem alþingi og menntamálaráðuneytið setja um tónlistarskóla.
- Koma með tillögur og hafa frumkvæði að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólann
- Taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og samtök foreldra

5. gr.

Stofnfélagar eru: (Hér þarf nöfn, heimilisföng og kennitölur allra stofnenda).

6. gr.

Rétt til aðildar í félaginu eiga allir aðstandendur og kennarar nemenda Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.

7. gr.

Stjórn félagsins er skipuð fimm forráðamönnum barna sem stunda nám við skólann. Stjórnin skal skipuð formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, þrír stjórnarmenn annað árið og tveir hitt árið. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

8. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

9. gr.

Tekjur félagsins eru eingöngu frjáls framlög fyrirtækja og einstaklinga.

10. gr.

Hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til kaupa á búnaði sem nýtist skólanum sem best.

11. gr.

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.